



SNÆLAND GRÍMSSON

Langholtsvegur 109 - 113 Reykjavík
Kt 431276 0629

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 25. apríl 2017

Umsögn frá ferðapjónustufyrirtækinu Snæland Grímsson við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402, 146. löggjafarþing.

Snæland Grímsson ehf. gerir alvarlegar athugasemdir við þau áform fjármálaáætlunar að færa ferðapjónustu úr lægra þrepi virðisaukaskatts upp í það hærra.

Vegna kostnaðarhækkana (einkum launahækkana) og styrkingar gengis krónunnar síðastliðið ár hefur verið til erlendra viðskiptavina hækkað verulega og langt umfram hækkanir í samkeppnislöndum.

Undanfarnar vikur hefur okkur borist mikið af afbókunum á hópferðum frá mörgum af mikilvægustu viðskiptavinum okkar í Evrópu. Um er að ræða hópferðir sem taka viku eða lengur, oftast hringferðir í kringum landið þar sem mikil þjónusta er innifalin og fela í sér mikil viðskipti við hótél, veitingastaði og ýmis önnur fyrirtæki á landsbyggðinni. Þeir ferðamenn sem koma í svona ferðir eru verðmætustu viðskiptavinum okkar.

Nú er svo komið að þær ferðaskrifstofur sem bjóða þessar ferðir geta ekki selt þær lengur og bera fyrir sig háu verðlag sem ástæðu afbókana. Verð til þeirra hefur hækkað um 20-30% af áðurgreindum ástæðum, en hefði í raun þurft að hækka meira til að mæta launa- og gengisþróun. Þetta eru viðskiptavinir sem hafa átt við okkur gott og farsælt samstarf um lang árabíl og teljast til okkar traustustu og bestu viðskiptavina. Flestir söluaðilir þessara ferða eru í Þýskalandi og á Norðurlöndunum þar sem þessar ferðir hafa notið hvað mestra vinsælda og viðskiptavinurinn hefur verið tilbúin og haft haft getu til að borga hátt verð, en leita nú til annara áfangstaða vegna þess hve verðlag er orðið hátt hér á landi.

Við þessar aðstæður boða stjórnvöld hins vegar að þau ætli að hækka virðisaukaskatt á ferðapjónustuna á miðju næsta ári. Það þýðir að sú verðskrá sem Snæland Grímsson ehf er að kynna viðskiptavinum sínum fyrir næsta ár mun hækka enn um 12% til viðbótar við aðrar hækkanir. Ljóst er að með slíkri verðhækkun erum við endanlega búin að missa alla möguleika á því að vera samkeppnishæf við önnur lönd sem hafa fallega náttúru og geta boðið svipaðar ferðir og Ísland hefur upp á að bjóða.

Fyrir utan áfallið fyrir þann hluta þjónustunnar sem við veitum, þá leiðir þessi samdráttur til þess að gististaðir, veitingastaðir og önnur fyrirtæki víða um land sem hafa þjónustað okkur með þessar ferðir í gegnum árin verða af miklum viðskiptum. Fyrir mörg þessara fyrirtækja hafa þetta verið regluleg viðskipti til margra ára sem virkilega munar um og er þungbært að missa.

Þó svo að ferðamönnum sem hingað koma fari enn fjölgandi, þá sjáum við ákveðna þróun í viðskiptum þeirra, ekki síst í hópferðum. Það er að verða sífellt algengara að hópar stoppi styttra en áður, yfirleitt í 3-5 daga og ná oftast nær aðeins að heimsækja vinsæla ferðamannastaði á Suðurlandi út frá Reykjavík. Það er augljóst að það er ekki fjöldi ferðamanna sem segir alla söguna frekar en fjöldi fiska úr sjó !!

Þá má benda á að hópferðþjónusta Snælands Grímssonar, líkt og önnur hópferðafyrirtæki, glímir við undirboð erlendra fyrirtækja hér á landi. Erlend rútufyrirtæki frá austur-Evrópu eru farin að gera hér út rútur sem ýmist aka sumarlangt með farþega á þeirra vegum, eða eru leigðar til erlendra ferðaskrifstofa sem eru að selja ferðir til Ísland á verði sem bendir til þess að bílstjórar séu á launum langt undir lágmarkstaxta og engum sköttum né gjöldum sé skilað hér á landi. Marg bendir því til þess að erlendir aðilir muni taka vinnu frá Íslenskum hópferðafyrirtækjum á þessu ári sem aldrei fyrr.

Niðurstaða: Það er hreint og klárt glapræði að ætla að hækka virðisaukaskatt á ferðþjónustu ef Ísland á að vera samkeppnishæft við önnur lönd í ferðþjónustu auk þess að kippa fótunum undan Íslenskum ferðþjónustufyrirtækjum sem munu ekki hafa möguleika á að keppa við erlend ferðþjónustufyrirtæki sem búa við hægstæðara skattaumhverfi og geta boðið þjónustu sína beint og milliliða laust á Íslandi.

Virðingarfyllt
f.h. Snælands Grímssonar ehf.
Hallgrímur Lárusson